

Reykjavík, 11. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470 mál.

Haustið 2012 sendu Barnaheill - Save the Children á Íslandi inn umsögn um drög að velferðarstefnu- heilbrigðisáætlun fram til 2020 sem þá lá fyrir. Samtökin fagna því að þær athugasemdir sem samtökin gerðu við þá áætlun hafi verið teknar til greina í nýrri tillögu og ítreka að öðru leiti þá umsögn.

Samökin leggja áherslu á mikilvægi þess að mótuð sé heilbrigðisáætlun fram til ársins 2020 og með því leitast við að móta framtíðarsýn í heilbrigðismálum á Íslandi. Jafnframt að lögð sé fram aðgerðaáætlun til að nálgast þau markmið sem fram eru sett í áætlunni, aðgerðir tímasettar og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Samtökin vilja ítreka mikilvægi þess að fjármagn sé tryggt svo að áætlunin megi ganga eftir.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja áætlunina metnaðarfulla og eru sammála því, að huga skuli meira að félagslegum áhrifaþáttum heilbrigðis. Leggja beri áherslu á, að þegar heilbrigði er skoðað, þarf að meta jafnt líkamlega, andlega og félagslega þætti. Samtökin benda einnig á að mikilvægt er að samþætta þessa þjónustuþætti.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna má ekki mismuna börnum á grundvelli stöðu foreldra þeirra, búsetu, eða annarra félagslegra þátta. Því er mikilvægt, að í heilbrigðisáætluninni sé tryggt, að öll börn á Íslandi njóti þeirrar þjónustu sem þar er getið og að því sé fylgt eftir. Mikilvægt er að koma í veg fyrir félagslega mismunun í heilsufarslegu sambandi og tryggja öllum jafnt aðgengi að lágmarks/nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma. Sérstaklega er mikilvægt að huga að stöðu viðkvæmra þjóðfélagsþópna. Nauðsynlegt er að tryggja að öll íslensk börn geti notið þeirrar þjónustu sem í boði er. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja það vera forgangsverkefni að útrýma barnafátækt á Íslandi með öllum tiltækum ráðum.

Fræðslu til foreldra og fagstétta sem vinna með börn og málefni þeirra þyrfti að auka til muna. Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna því, að skipuleggja eigi reglubundna fræðslu til fagaðila sem starfa í mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustu um orsakir, einkenni og afleiðingar ofbeldis. Tilgreindir framkvæmdaraðilar eru m.a. frjáls félagasamtök. Frjáls félagasamtök eins og Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa

til þessa verið þeir aðilar sem mest hafa unnið að fræðslu, rannsóknum, vitunarvakningu og forvörnum um vernd barna gegn ofbeldi. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji vel við það starf félagasamtakanna og geri þeim áfram kleift að sinna því óhindrað.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna auknum rannsóknum á sviði velferðarmála, en telja að þær rannsóknir eigi að vera á fleiri sviðum en tilgreind eru í áætluninni. Mikilvægt er, að gera fleiri rannsóknir á ofbeldi gegn börnum, og börnum sem búa við heimilisofbeldi og almenna vanrækslu.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri